

Niðurstöður umræðuhópa

Hvaða ábyrgð bera náttúruverndarnefndarnefndir á náttúruperlum?

- Rætt var um ábyrgð náttúruverndarnefnda á friðlýstum náttúruperlum innan eigin sveitafélagamarka. Bent var á að ábyrgð þeirra kæmi fram í erindisbréfi nefndanna.
- Rætt var um einstök sveitafélög og aðkomu þeirra að svæðum innan eigin marka. Sveitafélög sinna yfirleitt vel þeim svæðum sem undir þau heyra, s.s. fólkvöngum og útivistarsvæðum. Svæðin eru jafnframt oft nýtt til kennslu, ekki síst grunnskólabarna. Sveitafélög bera sjálf kostnað af rekstri svæðanna og eru stolt af þeim. Hinsvegar hefur kostnaðarskipting, s.s. vegna skiltagerðar, göngustíga og annað slíkt vafist fyrir nefndum, þ.e. hver aðkoma stjórnvalda (UST) ætti að vera.
- Umhverfisnefndir bera ábyrgð á aðalskipulagi og deiliskipulagi innan flestra friðlýstra svæða (utan þjóðgarða). Oft hafa verið gerðir umsjónarsamningar við stjórnvöld um rekstur ýmissa verndarsvæða, en oft virðist sem samningarnir endi við undirritun.
- Lögð var áhersla á að umsjónarsamningar sem sveitafélög og stjórnvöld gera með sér um rekstur verndarsvæða sé skilvirkur. Þar komi fram markmið með gerð samnings, verkefnaskipting, fjármögnun og annað sem málið varðar. Frumkvæðið ætti að koma frá stjórnvöldum (UST).
- Stundum skarast verkefni innan friðlýstra svæða, stjórnvöld hafa umsjón með svæðinu en sveitafélög með innviðum (salerni, tjaldsvæði). Fundarmenn töldu mikilvægt að náttúruverndarnefndarnefndir í heimabyggð fengju greinagott yfirlit yfir störf og markmið stjórnvalda á verndarsvæðum innan eigin marka og samráð þegar þurfa þykir. Stærð sveitafélaga ræður nokkru um aðkomu sveitafélaga að verndarsvæðum, fámenn sveitafélög eiga oft erfiðara með þann þátt.

Hvað geta sveitafélög gert til að ná sem mestum tekjum?

- Brýnt er að skipuleggja ferðir og störf á ferðamannasvæðum og náttúruperlum sem fyrst, ekki síst á svæðum sem eru að uppgötvast, áður

en ferðamannastraumur hefst. Ekki verði farið í markaðssetningar nýrra svæða fyrr en slíkt skipulag liggi fyrir.

- Aukin áhersla verði lögð á ábyrgð ferðaþjónustunnar og hún látin greiða gjald af starfsemi sinni sem rennur til uppbyggingar á heimsóttum svæðum. Bent var á að ferðaþjónusta byggir upp ferðir oft án samráðs við heimamenn. Lítil samstaða væri til staðar og jafnvel hagsmunaárekstrar. Þá skarast hagsmunir, fjármagn verður til á einu svæði en ágangur á því næsta og þurfa jafnvel sum sveitafélög að standa undir kostnaði án innkomu eða hlutdeildar í hagnaði af ferðaþjónusturekstri.
- Umræða var um ferðamannagjöld, náttúrupassa og gjaldtöku á einstaka svæðum og sýndist sitt hverjum. Allir töldu þó brýnt að sveitafélög og íbúar þeirra fengju aukna hlutdeild í hagnaði af sölu ferða um náttúruperlur í eigin sveit.

Þola friðlýst svæði og náttúra Íslands allan þennan straum ferðamanna?

- Augljóst að svo er ekki; þarf varla að spyrja. Dæmin tala; einstök svæði eru illa útlítandi.
- Mikil andstaða kom fram við auglýsingaherferð Íslandsstofu um „leynistaði“ og jafnvel nefnt siðlaust framferði.
- Fjölga þarf ferðamannastöðum; vinna heildstæða áætlun um dreifingu ferðamanna með hugsun alla leið. Ekki auglýsa fyrst.
- Þolmarkagreina þarf svæði áður en ákvörðun er tekin um að nýta þau sem áfangastaði ferðamanna. Finna ítölur þar sem slíkt á við og byggja upp innviði þarf sem þörf krefur.
- Umræðan á við fleiri svæði en þau friðlýstu.

Ný svæði: meiri tekjur og betri álagsdreifing ?

- Það á ekki að auglýsa ný svæði áður en innviðir svæðisins eru byggðir upp og skipulagðir svo svæðið þoli meiri straum ferðamanna um þau.
- Með kortlagningu álags innan svæðis sem mikil ásókn er í væri hægt að nýta niðurstöðurnar til þess að dreifa álaginu um svæðið. Einnig væri hægt að hlífa viðkvæmstu hlutum þess og þeim sem eru undir mestum ágangi.
- Ferðaþjónustuaðilar geta, þegar sett er fram pakkaferð, sett inn nýja viðkomustaði með þeim vinsælu og þannig kynnt þá frekar. Í framtíðinni myndu ferðamennirnir þá dreifast betur um landið.
- Umræðan um náttúrupassa var á þá leið að það þarf að vera á hreinu hvert peningarnir fara og hvernig þeim verður skipt til þess að sátt náist um hann.

Hvenær þarf ríkið að koma inn í uppbyggingu á ferðamannastöðum?

- Eignarhald skapar oft vandamál um hver á að standa straum af uppbyggingu ferðamannastaða, dæmi Geysir og Esjan.
- Ríki ætti að koma að uppbyggingu svæða sem er í eigu ríkisins, einnig á verndarsvæðum sem eru í umsjón ríkisins.
- Ríki ætti í mörgum tilvikum að koma meira að gerð aðalskipulags sveitafélaga, sérstaklega þar sem um verndarsvæði er að ræða og aðra fjölsóttu ferðamannastaði.
- Hlutverk sveitafélaga er að gera deiliskipulag, en hönnun og framkvæmd í mörgum tilvikum ætti að vera samvinnuverkefni ríkis og sveitafélags.
- Þegar sveitafélag sækir um styrk í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða er í mörgum tilvikum erfitt að leggja til 50% mótframlag og í mörgum tilvikum óraunhæft.
- Auka þarf samráð og samstarf við ríki þegar kemur að skipulögum og uppbyggingu.

Uppbygging á ferðamannastöðum gerist ekki á einu ári – Þurfum við ekki áætlun til nokkurra ára?

- Undanfarin ár hefur uppbygging á ferðamannastöðum í mörgum tilfellum gengið út á að plástra, þ.e. að redda svæðum frá meiriháttar hnignun með lámarks úrbótum. Nauðsynlegt er að líta á uppbyggingu til framtíðar með því að deiliskipuleggja, svo hanna og í framhaldinu framkvæma. Þetta getur verið tímafrekt en er skilvirkasta leiðin til að draga úr viðhaldsvinnu og tryggja verndun svæða til framtíðar.
- Plástrar eru samt líka nauðsynlegir og stundum þarf að grípa inn í strax þrátt fyrir að deiliskipulag liggja ekki fyrir. Skipulagsvinna getur verið tímafrek og þá oft of seint farið í uppbyggingu.
- Ríkið þarf að koma meira inn í skipulagsvinnu sveitafélaga og vinna sameiginlega að stefnumörkun ferðamannastaða til framtíðar.
- Sveitafélög og ríki þurfa að vinna sameiginlega að stefnumörkun um uppbyggingu á ferðamannastöðum til framtíðar. Gera þarf heilstæða stefnu fyrir allt landið og gera stefnu til framtíðar, enn er tækifæri á flestum stöðum að byggja upp og undirbúa svæði áður en ferðamannastraumur eykst. Stefna stjórnvalda er að dreifa álaginu, en til þess þarf að byggja upp áður og undirbúa svæði fyrir aukið álag!
- Væri ársfundur umhverfisnefnda sveitafélaga og UST vettvangur fyrir það?